



Sundhöll Ísafjarðar

Hugmyndasamkeppni um aukna og
bætta íþrótta- og baðaðstöðu

INNGANGUR

Sundhöll Ísafjarðar – hönnunarsamkeppni um bætta aðstöðu við Austurveg

Umræður um sunðaðstöðu á Ísafirði hafa farið fram um langt árabíl og hafa verið af tvennum toga. Annarsvegar hefur verið kallað eftir 25 metra laug sem hentaði til keppni og æfinga fyrir afreksfólk. Hinsvegar hefur íbúa lengi dreymt um að hafa skemmtilega útiaðstöðu fyrir fólk á öllum aldri, heita potta og þess háttar sem við eigum að venjast á ferðum okkar um landið. Aðstaða í þessum dúr hefur lengi verið á Suðureyri og notið mikilla vinsælda, nú er Ísafjarðarbær einnig búinn að koma upp útipottum við sundlaugina á Flateyri og hafa þeir pottar mælst ákaflega vel fyrir. Einnig er komin mjög góð ný og endurbætt útiaðstaða í Bolungarvík. Það er því úr nokkru að velja fyrir íbúa og ferðafólk á svæðinu.

Á Ísafirði búa um 2.800 manns auk þess sem þangað koma nú árlega að landi um 90.000 skipafarþegar, auk annarra ferðamanna, og má því ætla að góð laugaraðstaða í miðbæ sveitarfélagsins á Eyrinni yrði mikið nýtt.

Með betra mannlíf fyrir alla að leiðarljósi samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 19. mars 2015 að haldin yrði samkeppni um hönnun á Sundhöll Ísafjarðar og umhverfi hennar við Austurveg. Sérstök áhersla skyldi lögð á útipotta og endurbætur aðstöðu í víðu samhengi. Aðgengi, klefar, gufa og almenn íþróttaaðstaða yrðu til skoðunar í þessu samhengi og allt húsið og umhverfi þess.

Dómnefnd var svo fullskipuð 3. mars 2016, fyrsti fundur nefndarinn var haldinn 12. maí 2016 og hefur nefndin því starfað í um 8 mánaða skeið. Dómnefndina skipa:

Tilnefnd af Ísafjarðarbæ: Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri,
formaður dómnefndar
Kristín Hálfðánsdóttir, bæjarfulltrúi
Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt

Tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands: Helgi Steinar Helgason, arkitekt FAÍ
Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ

Ánægjulegt er hve margir sýndu samkeppninni áhuga og tillögurnar tíu sem bárust voru fjölbreyttar og ríkulegt úrval hugmynda kom þar fram.

Það er von okkar að á grunni þeirra tillagna sem hér eru verðlaunaðar og hljóta viðurkenningu verði hægt að gera þær úrbætur á Sundhöll Ísafjarðar sem samfélagið telur til hagsbóta.

DÓMARASTÖRF OG NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Samkeppnin er hugmyndasamkeppni, rétt til þátttöku höfðu félagar í Arkitektafélagi Íslands ásamt þeim sem réttindi hafa til þess að leggja aðaluppdrætti fyrir umhverfis- og framkvæmdanefnd Ísafjarðarbæjar. Samkeppnin var auglýst á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og Arkitektafélags Íslands. Skilafrestur var 8. desember 2016. Tíu tillögur bárust og voru þær allar teknar til dóms. Fundir dómnefndar voru átta talsins.

Dómnefnd leitaði eftir snjöllum hugmyndum með það að markmiði að finna tillögu sem leysi viðfangsefnið á heildstæðan hátt með góðu fyrirkomulagi og vandaðri byggingarlist til samræmis við núverandi byggingu sem hönnuð er af Guðjóni Samúelssyni. Sérstök áhersla var lögð á aðlaðandi lausn á aðkomu og aðgengi fyrir alla innanhúss og utan, með samgönguleiðum sem virki vel fyrir mannvirkið í heild. Einnig var lögð áhersla á vandaða hönnun baðaðstöðu utandyra, þar sem notið verði sólar og skjóls í heitum pottum og í nærumhverfi þeirra.

Ákveðið var að veita þremur tillögum verðlaun, tveimur tillögum viðurkenningu með innkaupum og einni tillögu viðurkenningu sem athyglisverð tillaga.

Dómnefnd var einhuga um eftirfarandi niðurstöðu:

Vinningstillögur:

1. verðlaun kr. 3.000.000 - tillaga nr. 6, auðkenni 23000
2. verðlaun kr. 2.000.000 - tillaga nr. 4, auðkenni 22011
3. verðlaun kr. 1.000.000 - tillaga nr. 7, auðkenni 25450


Innkeyptar tillögur:

- Innkaup kr. 300.000 - tillaga nr. 5, auðkenni 21059
- Innkaup kr. 300.000 - tillaga nr. 8, auðkenni 78625


Athyglisverðar tillaga:


Tillaga nr. 2, auðkenni 02630


Ísafjörður, 13. janúar 2017


Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri


Kristín Hálfðánsdóttir, bæjarfulltrúi


Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt


Helgi Steinn Helgason, arkitekt FAÍ


Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ

ÁHERSLUR OG MAT DÓMNEFNDAR

Leitað er eftir snjöllum hugmyndum með það að markmiði að finna tillögu sem leysi viðfangsefnið á heildstæðan hátt með góðu fyrirkomulagi og vandaðri byggingarlist til samræmis við núverandi byggingu sem er hönnuð af Guðjóni Samúelssyni. Sérstök áhersla er lögð á aðlaðandi lausn á aðkomu og aðgengi fyrir alla innanhúss og utan, með samgönguleiðum sem virki vel fyrir mannvirkið í heild að framkvæmdum loknum. Tillögurnar þurfa að gera ráð fyrir góðu aðgengi að því mikla rými sem er á efstu hæð byggingarinnar.

Áhersla er einnig lögð á vandaða hönnun á baðaðstöðu utandyra, þar sem notið verði sólar og skjóls í heitum pottum, sturtum og í nærumhverfi þeirra. Fyrirkomulag þess þarf að vera með góð tengsl við starfsemi innanhúss.

Núverandi búningssklefar og sturtur eru ekki aðgengilegir öllum, auk þess að vera barn síns tíma. Úr því þarf að bæta. Baðaðstaða utandyra kallar jafnframt eftir umfangsmeiri aðstöðu en nú er til staðar. Endurhönnun á fyrirkomulaginu er mikilvægur þáttur samkeppninnar og verður sérstaklega leitað eftir góðum og hagkvæmum lausnum hvað þetta varðar.

Umsagnir um tillögur



1. VERÐLAUN

Tillaga merkt 23000



Suður



Norður



Austur



Vestur

Tillagan ber af öðrum innsendum tillögum, heildaryfirbragð er gott, hún er vel útfærð og nýtur þess að höfundar hafa næma tilfinningu fyrir starfsemi og gott innsæi í þarfir notenda.

Heildarskipulag er aðlaðandi fyrir alla notendur, bæði sundlaugargesti, íþróttaiðkendum, áhorfendur og starfsfólk. Einstöku rýmum er haganlega komið fyrir og tengingar milli þeirra eru vel leystar. Aðgengi hreyfihamlaðra um bygginguna er til fyrirmyndar. Ný og rúmgóð lyfta tengir saman allar hæðir hússins, allt frá inngangi upp í ris. Staðsetning stiga helst óbreytt en tillagan gerir ráð fyrir að um hann verði myndað lokað stigahús sem bætir brunavarnir að verulegu leyti. Á aðal hæð sem m.a. rúmar búningaklefa er greiður aðgangur að öllum rýmum og baðsvæðum. Þá hefur höfundum tekist sérstaklega vel að skapa heildstæðar tengingar milli byggingarinnar og útisvæðisins. Laugargæsla er skynsamlega staðsett á mörkum útisvæðis og sundlaugarrýmis þannig að vaktmaður hefur góða yfirsýn og kemst greiðlega milli svæða.

Áhersla er lögð á fyrstu upplifun gesta þar sem opnað er strax frá anddyri inn í sjálft sundlaugarrýmið með glerveggjum og tilheyrandi dagsbirtuflæði. Þannig skynja gestir strax að þeir séu nú staddir í sundlaug. Þetta hefur óneitanlega mikla kosti en hin sterka samhverfa hússins brotnar upp með þessu móti því gestir þurfa að taka stóran sveig á leið sinni úr anddyri að búningaklefum. Það gæti skapað þrængsli á álagstímum. Dórnafnd veltir því fyrir sér hvort hægt væri að endurhugsa fyrirkomulag anddyris og móttöku til að rýmka fyrir umferð gesta en án þess þó að skerða upplifunina sem skapast við að opna inn í sundlaugarrýmið.

Höfundar tillögu
Kanon arkitektar ehf




Útisvæði er skemmtilega afmarkað með ógagnsæjum glerveggjum sem hindra innsýn frá nágrennalóðum en sleppir birtu í gegn. Heitum pottum, gufubaði og vatnsrennibraut er haganlega komið fyrir þannig að gott jafnvægi myndast milli hvíldar og leiks. Staðsetning sólbaðs- og baðaðstöðu miðast við að fanga sól sem kostur er á mismunandi tímum dags. Sérstök sólbaðsverönd á vesturhlíð byggingarinnar með sjónræn tengsl við Austurvöll er að mati dómnefndar mjög góð viðbót við fjölbreytta afþreyingarmöguleika. Gönguleið milli útisvæðis og nágrennalóða ver þær skuggamyndun frá upphækkuðu útisvæðinu.

Tillöguhöfundar hafa lagt upp með að nálgast bygginguna af virðingu og samtímis að laga hana að breyttum aðstæðum á nútímalegan og hagkvæman hátt. Einnig er lögð áherslu á að undirstrika og upphefja kosti og sérkenni byggingarinnar. Að mestu leyti hefur þetta tekist vel, sérstaklega hvað varðar breytingar á fyrirkomulagi. Þótt viðbygging á bakhlið sé nútímaleg og þ.a.l. í öðrum stíl en sú eldri er léttleiki hennar sannfærandi og myndar gott mótvægi við þyngra yfirbragð sundhallarinnar. Dómnefnd telur að viðbótargluggar á framhlíð byggingarinnar svo og hurð á suðvesturhorni sundlaugarrýmsins sé óþarfa inngrip þar sem það stingur mjög í stúf við útlitslega reglufesti.


Breytingar á innra fyrirkomulagi svo og viðbyggingum eru hóflegar og hagkvæmar.

Framsetning tillögunnar er falleg og sérstaklega skýr.

- almenningsskými
- búningsaðstaða
- sundlaugarrými / vaðlaug og pottar
- íþróttasalur
- afgreiðsla / vakt
- glergangur / sauna
- stoðrymi
- aðgengi gesta



Skýringarmynd 1
Sundlaug - íþróttasalur - útisvæði
aðgengi gesta





Suður



Norður



Austur



Vestur

Styrkleiki tillögunnar felst í einfaldleika hennar og stílhreinu yfirbragði. Þær breytingar sem lagðar eru til nálgast upprunalegan byggingarstíl sundhallarinnar á áhugaverðan hátt. Höfundar hafa unnið verkefnið af virðingu og hógvæð.

Gengið er inn í glæsilegan móttökusal með tvöfaldri lofthæð og myndast þannig góð sjónræn tengsl milli 1. og 2. hæðar. Þetta er hjarta hússins þar sem gott rými er fyrir mannabót. Þótt móttökusalurinn sé rúmgóður vantar þó ýmislegt upp á afgreiðsluhluta hans þar sem ekki virðist vera gert ráð fyrir neinni aðstöðu starfsfólks í sérrými, sem er nokkur ókostur. Einnig er staðsetning salerna við útvegg sem snýr að Austurvegi óaðlaðandi með beinni innsýn frá móttökusal.

Flæði innan byggingarinnar er skýrt og aðgengi vel leyst með nýrri lyftu og opnum stiga sem tengja allar hæðir. Starfsfólk hefur greitt aðgengi að öllum rýmum byggingarinnar. Laugarvarsla er staðsett miðsvæðis með góða yfirsýn á útisvæði en engin sjónræn tengsl við sundlaugarsalinn sem er ókostur.

Höfundar vinna markvisst með samhverfu byggingarinnar við endurskipulagningu hennar. Þegar komið er á útisvæði í bakgarði brotnar þessi samhverfa upp á skemmtilegan hátt.

Höfundar tillögu
Arnhildur Pálmadóttir arkitekt | Brynhildur Sólveigardóttir arkitekt




Búningsklefar eru vel leystir en tillagan gerir ráð fyrir samnýtingu á aðstöðu fyrir bæði baðgesti og íþróttaiðkendur. Aðskilnaður þurra og blautra svæða er skýr. Staðsetning sjúkrarýmis og búningsaðstöðu fatlaðra er haganlega komið fyrir en kaldur gangur, undir beru lofti sem tengir íþróttasal og sundlaugarsvæði, er fráhrindandi og virkar erfiður í umgengni. Geymslulausnir á sundlaugarbakka og í íþróttasal virka óhentugar og skerða bæði gönguleiðir og rými.

Útiklefar eru ágætlega staðsettir á mörkum byggingar og útisvæðis en mishæð milli aðal hæðar og útisvæðis er óhentug, sérstaklega fyrir hreyfihamlaða. Er hún leyst með flóknum skábrautum og tröppum sem mætti útfæra á einfaldari hátt.

Útisvæði er skemmtilega útfært og býður upp á fjölbreytta upplifun baðgesta með mismunandi heitum pottum, gufubaði og upphituðum hvíldarbekkjum. Þar ræður einfaldleikinn einnig ríkjum en afmörkun útisvæðis og skil milli þess og nærliggjandi lóða líður fyrir hann. Útlit á afmörkun útisvæðisins er ekki nægilega vel skilgreint. Inngrip með viðbyggingum á bakhlíð byggingarinnar eru nærgætin og sparleg.

Tillagan er fallega framsett og endurspeglar innihaldið vel.





3. VERÐLAUN

Tillaga merkt 25450



Suður



Norður



Austur




Vestur

Tillagan ber með sér að höfundar hafi haldgóða þekkingu á viðfangsefninu sem endurspeglast í ágætu fyrirkomulagi fyrir sundlaugargesti, íþróttaiðkendur og starfsfólk. Róttækar breytingar á aðkomu, sem gerðar eru með nýjum tröppum og skábraut á framhlið byggingarinnar, einfalda skipulag aðalinngangsins. Þetta leysir strax aðgengi hreyfihamlaðra inn á aðalhæðina. Tröppurnar gefa byggingunni skemmtilegan svip sem samræmist ágætlega útliti framhliðarinnar.

Móttökurými er vel útfært, með björtu og rúmgóðu biðsvæði sem hefur sjónræn tengis við íþróttasal. Umferðarleiðir um bygginguna eru vel skilgreindar og lóðréttar tengingar milli allra hæða leystar á sannfærandi hátt með nýju stigahúsi og lyftu. Aðgreining þurr- og blautsvæða er skýr. Aðstaða starfsfólks er almennt góð og aðgengi þess að ólíkum rýmum hentugt.

Sameinuð búningsherbergi fyrir sundlaugargesti og íþróttaiðkendur eru rúmgóð og vel skipulögð.

Almennt eru einstök rými vel útfært en þó má velta fyrir sér staðsetning sjúkraherbergis þar sem aðgengi að því virkar nokkuð þröngt.



Laugarvarsla er staðsett við enda blautgangs með greiðu aðgengi varðar að laugasvæðum. Þaðan er góð yfirsýn á útisvæðið en takmörkuð sjónræn tengsl við sundlaugarsal.

Fyrirkomulag ólíkra byggingarluta á útisvæðis er haganlega komið fyrir þannig að þar megi njóta sem mestrar sólar og skjóls frá veðri og vindum. Aðgengi er mjög gott fyrir alla notendur enda er útisvæðið uppbyggt og í sömu gólfhæð og aðalhæðin.

Á sama og tíma og heildarskipulag tillögunnar er að flestu leyti gott virka útlitslegar lausnir framandi og í lítilli tengingu við það sem fyrir er, að undanskildu inngripi við framhlið sem fellur ágætlega að byggingarstíl Sundhallarinnar.

Framsetning tillögunnar er skýr.






INNKAUP Tillaga merkt 21059

Tillagan einkennist af skýrri sýn höfunda á upplifun baðgesta á nýju útisvæði.

Við myndun manngerðs landslags hefur verið sóttur innblástur úr íslenski náttúru. Heitum pottum, gufubaði og útiklefum er komið fyrir í ólíkum lautum sem afmarkaðar eru með veggjum og trjágróðri og skapa þannig ró og næði fyrir baðgesti. Ekki er gert ráð fyrir rennibraut heldur lögð áhersla á hvíld og vellíðan. Útisvæðið er vel útfært, yfirbragð þess markvisst og allt að því ljóðrænt.

Að mati dómnefndar eru breytingar á innra fyrirkomulagi og útlit viðbygginga ekki nógu vel leystar þótt vissulega séu áform um skýrar umferðaleiðir og meðvitund um burðarvirki byggingarinnar góð. Nýtt anddyri á framhlið byggingarinnar virkar stórt og athyglisfrekt utanfrá en þröngt að innan. Því er hinsvegar ætlað að leysa biðsvæði og skógeymslu sem annars rúmast ekki fyrir í rýmismiklum göngum aðalhæðarinnar. Þetta er dýr lausn sem leysir lítið. Sama má segja um tveggja hæða viðbyggingu á bakhliðinni sem rúmar að mestu leyti veglegan stiga með svölum sem tæplega er þörf á.




Höfundar tillögu
STUDIO HEIMA | Ásdís Gísladóttir | Casper Berntsen | EGENART ARKITEKTER IVS
Lotte Randeris Kristensen | Søren Bak-Andersen



INNKAUP Tillaga merkt 78625

Höfundar tillögunnar hafa sett sig vel inn í aðstæður og einkenni sundhallarinnar og nálgast breytingar af virðingu og natni. Leitast er við að skapa jafnvægi milli eldri byggingarluta og nýrra þar sem t.d. er haldið í upprunalegt útlit inngangs og tröppur sem leiða gesti að búningaklefum. Hugmynd að opnu rými frá aðalhæð upp í ris með nýjum stiga er spennandi og nokkuð djörf og sama má segja um gjörbreytt skipulag 2. hæðar með breiðum gangi sem opinn er í báða enda og gefur sýn inn í sundlaugarrými og íþróttasal. Stærsti ágalli í heildarskipulagi aðalhæðarinnar er sá að notendur íþróttasalans þurfa að ganga um blautsvæði til þess að komast inn í hann. Gert er ráð fyrir að halda núverandi staðsetningu lyftu en hún er óheppilega nálægt afgeiðslu auk þess sem hún er of lítil miðað við nútímalega staðla.

Á nýju útisvæði er rennibraut og lendingarlaug staðsett fyrir miðju með heitum pottum og sólbáðsaðstöðu í kring. Staðsetning heitra potta er vafasöm því hún er sú skuggasælasta. Einnig stingur staðsetning áhaldageymslu í stúf þar sem hún er staðsett í sólríkasta horni útisvæðisins. Gufubaði og tilheyrandi hvíldaraðstöðu er vel fyrir komið, í hvarfi frá heitum pottum og leiksvæði. Útlit nýbygginga á bakliðinni er einfalt og látlaut en hefur yfir sér heildaryfirbragð bráðabirgðahúsnæðis.



Höfundar tillögu
Zophoniasson+Partner Dipl. Architekten ETH SIA BDA | Paloma Fernandez | Bjarki Zophoniasson arkitekt FAÍ
Teiknistofa Páls Zophoniassonar ehf | Ráðgjafaverkfræðipjónusta FRV



ATHYGLISVERÐ Tillaga merkt 02630

Tillagan vekur athygli fyrir róttæka nálgun og áráðna framtíðarsýn. Gerð er áhugaverð tilraun til að viðhalda stíl byggingarinnar. Tillagan er háfleyg og hrein en of frek í umhverfi sínu og margar útfærslur eru flóknar. Flæði í innra skipulagi búningaklefa er einfalt og gott en tengingar við útisvæði eru ekki góðar. Ósparlega er farið með rými í innra skipulagi byggingarinnar. Framtíðarsýn þar sem gert er ráð fyrir útisvæði á þaki hússins er spennandi, en margir vankantar á útfærslunni, sérstaklega m.t.t. skjóls og skuggamyndunar á neðra útisvæði.


Framtíðarsýn þar sem gert er ráð fyrir útisvæði á þaki hússins er spennandi, en margir vankantar á útfærslunni, sérstaklega m.t.t. skjóls og skuggamyndunar á neðra útisvæði.





Höfundar tillögu
Daniel Ólafsson arkitekt | Gunnar Páll Kristinsson arkitekt | Pierre d'Avoine arkitekt

Tillaga merkt 01348

Tillagan er látlaus og hógvær og fellur nokkuð vel að Sundhallarbyggingunni og umhverfi hennar en útlit virka heldur einsleit. Búningsklefar eru tvískiptir og í ágætum tengslum við sundlaug og íþróttasal. Búningsklefar utan dyra og gufubað mynda gott skjól fyrir útisvæðið. Útlaugar eru vel staðsettar á sólríkum stað en útisvæðið í heild er þó ekki nógu vel nýtt og tenging við innlaug takmörkuð. Innra skipulagi er ábótavant og flæðið í gegnum bygginguna virkar óspennandi. Staðsetning og fyrirkomulag afgreiðslu og setsvæðis á gangi er ósannfærandi.




Höfundar tillögu
EX3 | ZerolImpactStrategies/ZIS AS | Handegaard Arkitektur AS | Vizstudio Espen Tomren
Samstarfsaðili: Sigríður Anna Eggertsdóttir arkitekt FAI




Tillaga merkt 17614

Tillagan fellur ágætlega að Sundhallarbyggingunni og er hógvær í útfærslu en það vantar upp á efniskenn og stemningu. Inngangur inn í bygginguna er þröngur og flókinn auk þess sem of löng leið er að afgreiðslu og setsvæði. Búningsklefar eru að mörgu leyti ágætlega leystir en tenging við útisvæði er ekki nógu vel útfærð. Skipulag útisvæðis er ágætlega hugsað með svæði fyrir börn og fullorðna sem eru vel aðskilin með góðri yfirsýn.



Tillaga merkt 81216

Tillagan leggur áherslu á að skapa vettvang fyrir mannlíf og lifandi samskipti á útisvæði. Rennibraut á útisvæði virkar yfirþyrmandi og staðsetning hennar ásamt lendingarlaus á sólríkasta svæði bakgarðsins tekur of mikið frá annarri starfsemi á útisvæðinu. Grunnmynd aðalháðar er flókin og flæði milli rýma óhentugt. Inngangurinn er þröngur og óaðlaðandi og afgreiðsla er ekki nógu vel staðsett. Varsla og aðgengi úr klefum er ágætlega útfært sem og aðgreining blaut- og þurrsvæða.



Höfundar tillögu
 Borghildur Rósa Rúnarsdóttir arkitekt | Laufey Björg Sigurðardóttir arkitekt | Arna Ösp Guðbrandsdóttir arkitekt
 Ráðgjöf: Eva Sigvaldadóttir arkitekt

Höfundar tillögu
 Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir | Erla Bryndís Kristjánsdóttir | Hildur Dagmar Arnardóttir | Ruth Guðmundsdóttir
 Sigursteinn Sigurðsson | Ráðgjafar vegna lýsingar: Darío Gustavo Núñez Salazar, Jónína de la Rosa



Tillaga merkt 40579

Tillagan gerir tilraun til að nálgast sundlaugarmenningu úr nýrri átt. Færsla á aðalinngangi frá framhlið suður fyrir bygginguna nær ekki tilgangi sínum og of flókið að vera með tvo innganga. Nýtt afgreiðslurými virkar ágætlega og tengsl við starfsmannarými eru góð. Lítið samræmi er á milli viðbygginga og eldri byggingar. Viðbygging tekur takmarkað tillit til áferðar og stærðarhlutfalla Sundhallarinnar. Uppbygging útisvæðis virkar framandi á þessum stað. Lögð er áhersla á að skapa fjölbreytt rými en sjónræn tengsl eru lítil sem kemur niður á stemningu og öryggi baðgesta.



Unnt er að nálgast niðurstöður samkeppninnar
á eftirtöldum heimasíðum:

www.isafjordur.is
www.ai.is

